



# Akureyrar kademían

## Greinargerð

FRAMKVÆMD SAMNINGS AKUREYRARAKADEMÍUNNAR VIÐ  
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Júní 2016

## Formáli

AkureyrarAkademían (AkAk) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var á grunni Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í maímánuði 2015 undirrituðu AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning, með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar, fyrir árin 2015-2017.

Samningurinn við ráðuneytið er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk og leggur grunninn að fjárhagslegum rekstri og gerir stofnuninni kleyft að virkja þær miklu og góðu hugmyndir sem skapast innan samfélagsins í AkAk.

Á starfsárinu hefur AkAk staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum svo sem fyrirlestraröð, bókakynningu, ráðstefnuhaldi og uppfærslu á heimasíðu stofnunarinnar. Vinnuaðstaðan hefur verið vel nýtt og starfaði alls 21 fræðimaður í húsnæði AkAk á liðnu starfsári.

Á starfsárinu hefur AkAk styrkt stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á sviði hug- og félagsvísinda á Norðurlandi og mun stofnunin styrkja enn frekar stöðu sína í framtíðinni.

## Stjórn og starfsmaður

Stjórn og fulltrúaráð AkAk er kosin af fulltrúum á ársfundi. Á ársfundi stofnunarinnar þann 28. maí 2015 var kosið í stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2015-2016 voru eftirtaldir í stjórn:

Valgerður S. Bjarnadóttir, formaður.

Margrét Guðmundsdóttir, ritari.

Jakob Þór Kristjánsson, gjaldkeri.

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

Arna Björg Bjarnadóttir

Arndís Bergsdóttir

Guðmundur Árnason

Sigurgeir Guðjónsson












Í byrjun árs var óskað eftir verkefnastjóra til starfa og þann 1. mars 2016 hóf Kristín Heba Gísladóttir störf. Fram að ráðningu verkefnastjóra fékk formaður greidd verktakalaun fyrir störf sín í þágu Akademíunnar. Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum stjórnar aðra hverja viku, voru þess utan unnin í sjálfböðavinnu en greidd var þóknun fyrir sérstök verkefni eins og ráðstefnustjórnun og vinnu vegna ráðningu verkefnastjóra.

## Húsnæði

AkureyrarAkademían er staðsett að Háhlíð 1 á Akureyri en húsnæðið er leigt af Akureyrarbæ. Í húsnæðinu var starfræktur leikskóli og síðar skammtímavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Í húsnæðinu eru fjórtán vinnupláss og þar fyrir utan er aðstaða fyrir verkefnastjóra. Auk þess er funda- og kaffiaðstaða. Húsbúnaður og innanstokksmunir eru margir hverjir komnir til ára sinna og hefur verið unnið að því að bæta þar úr smátt og smátt eins og fjárhagur leyfir. Leigusamningur AkAk við Akureyrarbæ rennur út í byrjun næsta árs og munu bæjarstjóri Akureyrarbæjar og verkefnastjóri funda vegna endurnýjunar leigusamnings í lok sumars.

AkureyrarAkademían hefur leigt út vinnuástöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema frá stofnun. Nú er svo komið að á vissum tímum hefur verið biðlisti eftir vinnuástöðu í AkAk en ennþá er þó minni aðsókn í aðstöðuna yfir sumarmánuðina. Árið 2015 stóðu leigutekjur nánast alfarið undir kostnaði við rekstur húsnæðisins.

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings annarra fræðimanna og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín. Slíkt er mikilvægt fyrir fræðimenn til að geta rætt þau störf sem fengist er við hverju sinni og fengið ábendingar og velt upp hugmyndum. Þeir fræðimenn sem hafa verið starfandi í húsinu hafa tekið virkan þátt í starfsemi AkAk og þannig lagt sitt af mörkum til að stuðla að sterkari stöðu Akademíunnar í samfélaginu. Eftirtaldir störfuðu í húsinu á liðnu starfsári:

|   |   |  |   |
|---|---|--|---|
|    | <p><b>Anna Kolbrún Árnadóttir</b></p> <p>Doktorskandídat í menntunarfræðum</p>      |    | <p><b>Arna Björg Bjarnadóttir</b></p> <p>Framkvæmdastjóri Óbyggðaseturs Íslands</p> |
|    | <p><b>Arndís Bergsdóttir</b></p> <p>Doktorskandídat í safnafræði</p>                |    | <p><b>Bergljót Prastardóttir</b></p> <p>Doktorskandídat í menntunarfræðum</p>       |
|   | <p><b>Eiríkur Stephensen</b></p> <p>Meistaraneми í menningarstjórnun</p>            |   | <p><b>Elías Ingi Björgvinsson</b></p> <p>Meistaraneми í máltækni</p>                |
|   | <p><b>Guðmundur Árnason</b></p> <p>Alþjóðastjórnmal</p>                             |   | <p><b>Guðrún Þórsdóttir</b></p> <p>Meistaraneми í menningarstjórnun</p>             |
|  | <p><b>Gunnar Árnason</b></p> <p>Meistaraneми í heilbrigðisvísindum</p>              |  | <p><b>Gunnar Gíslason</b></p> <p>Menntunarfræðingur</p>                             |
|  | <p><b>Hulda Sædís Bryngeirsdóttir</b></p> <p>Meistaraneми í heilbrigðisvísindum</p> |  | <p><b>Jakob Þór Kristjánsson</b></p> <p>Alþjóðasamskipti og stjórnmálafræði</p>     |

|   |   |  |   |
|---|---|--|---|
|    | <p><b>Jóhanna María E. Matthíasdóttir</b></p> <p>Meistarnemi í ferðamálafræði</p> |     | <p><b>Kristín Heba Gísladóttir</b></p> <p>Verkefnastjóri AkAk</p>                     |
|   | <p><b>Kristján Magnús Hallberg</b></p> <p>Blaðamaður og rithöfundur</p>           |    | <p><b>María Guðbjörg Hensley</b></p> <p>Meistaraneimi í klínískri sálfræði</p>        |
|    | <p><b>Margrét Guðmundsdóttir</b></p> <p>Sagnfræðingur</p>                         |    | <p><b>Ólafur B. Thoroddsen</b></p> <p>Kennari og landfræðingur</p>                    |
|  | <p><b>Rebekka Þráinsdóttir</b></p> <p>Aðjúnkt í rússnesku við Háskóla Íslands</p> |  | <p><b>Dr. Sigurgeir Guðjónsson</b></p> <p>Sagnfræðingur</p>                           |
|  | <p><b>Skafti Ingimarsson</b></p> <p>Doktorskandídat í sagnfræði</p>               |  | <p><b>Valgerður S. Bjarnadóttir</b></p> <p>Doktorskandídat í menntunarfræðum</p>      |
|  | <p><b>Dr. Þóra Pétursdóttir</b></p> <p>Fornleifafræðingur</p>                     |  | <p><b>Þórgnýr Dýrfjörð</b></p> <p>Meistaraneimi við hug- og félagsvísindadeild HA</p> |

## Verkefni starfsársins

### HEIMASÍÐA

Stjórn AkureyrarAkademíunnar ákvað að endurskoða alfarið heimasíðu stofnunarinnar. Elías Ingi Björgvinsson var fenginn til verksins. Elías gerði nýja heimasíðu sem er mun ódýrari en sú heimasíða sem AkAk hafði notað. Á heimasíðunni, sem er mjög aðgengileg, eru ýmsar upplýsingar um stofnunina, innanhúsfólk, vinnuástöðu, stjórn, fulltrúaaaráð o.fl. Lögð er áhersla á að viðhalda heimasíðunni með því að uppfæra hana eftir því sem við á og birta fréttir um störf fulltrúa innan AkAk. Stjórn AkAk telur mikilvægt að stofnunin hafi góða og öfluga heimasíðu sem gerir þeim sem áhuga hafa mögulegt að kynna sér starfssemi hennar.

### FYRIRLESTRARÖÐ

Fyrirlestraröð Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi hófst á haustmánuðum 2007 og verið fastur liður í starfinu síðan. Fjölbreyttur og breiður hópur fræði- og leikmanna hafa skipst á skoðunum um fræði og vísindi undir þessum formerkjum. Á starfsárinu samanstóð fyrirlestraröð AkAk af fjórum fyrirlestrum ólíkra fræðimanna. Anna Lára Steindal, heimspekingur, fjallaði um móttöku flóttamanna á Íslandi. Arndís Bergsdóttir, safnafræðingur, fjallaði um (ó)sýnileika kvenna á sýningum íslenskra menningarminjasafna. Njörður Sigurjónsson, dósent, fjallaði um hljóðláta valdaleiki og skapandi þögn og að lokum var boðið upp á erindi um ferðaþjónustuna, staði, mat og margbreytileika sem Laufey Haraldsdóttir, lektor við Háskólann á Hólum, hélt.

### MÁLÞING

Í nóvember 2015 stóð AkAk fyrir málþingi um kosningarétt kvenna, í samstarfi við Akureyrarstofu og Minjasafnið á Akureyri. Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, fjallaði um baráttuna fyrir kosningarétti og pólitíska baráttu kvenna. Jakob Þór Kristjánsson, stjórn málafræðingur, hélt erindið „Í sálarþroska svanna býr sigur kynslóðanna“. Erindi dr. Sigurgeirs Guðjónssonar, sagnfræðings, bar yfirskriftina „Um kosningarétt kvenna: Ólík afskipti tveggja húnvetnskra kvenna á Akureyri“. Þáttur fulltrúa AkureyrarAkademíunnar í málþinginu var veigamikill en öll ofantalin eru fulltrúar. Auk þeirra kvað Rósa María Stefánsdóttir ljóð íslenskra kvenna og Hörður Geirsson, safnvörður var myndastjóri. Málþingið hlaut styrk frá Akureyrarstofu.

## BÓKAKYNNING

AkAk og Amtsbókasafnið stóðu fyrir bókakynningu í desember 2015. Þar kynnti dr. Sigrún Stefánsdóttir og las upp úr bók sinni „Frú ráðherra. Frásagnir kvenna á ráðherrastóli“. Hildur Hauksdóttir fjallaði um nýútgefið ritverk sitt „Sagan af ömmu – örlög ráðast heima hljótt“. Bókakynningin var vel sótt og hefur AkAk hug á að gera bókakynninguna að árlegum viðburði.

## RÁÐSTEFNA

Þann 19. mars 2016 stóð AkAk í samstarfi við Háskólann á Akureyri og utanríkisráðuneytið fyrir ráðstefnunni „Enginn er eyland: Ísland og alþjóðasamfélagið“. Á ráðstefnunni voru níu málstofur og voru umfjöllunarefnin:

- a) Hælisleitendur og flóttafólk
- b) Hafid umhverfis Ísland- hindrun eða hraðbraut?
- c) Samskipti Íslands í Vesturheimi
- d) Innflytjendur
- e) Ísland og Norðurslóðir
- f) Ísland, Evrópa og alþjóðahagkerfið
- g) Þróunarsamvinna
- h) Ímynd Íslands á alþjóðavettvangi
- i) Varnar- og öryggismál.

Alls voru 39 fræðimenn, embættismenn og einstaklingar frá hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og frjálsum félagasamtökum með erindi á ráðstefnunni. Ráðstefnan gekk vel fyrir sig og voru um 150 manns sem sóttu hana. Skipulag hennar var að stærstum hluta í höndum Jakobs Þórs Kristjánssonar og Skafta Ingimarssonar, fulltrúa AkAk, auk þess tók verkefnastjóri þátt í undirbúningnum á síðustu vikunum fyrir ráðstefnuna. Gott samstarf var við starfsfólk Háskólans á Akureyri við undirbúning og framkvæmd. Forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, KPMG og Mannspil ehf styrktu ráðstefnuna.

## RÁÐNING VERKEFNASTJÓRA

Stjórn AkAk lagði ríka áherslu á að ráðinn yrði verkefnastjóri til starfa. Ákveðið var að auglýsa eftir umsóknum um 50% stöðu verkefnastjóra í upphafi árs. Valgerður S. Bjarnadóttir, formaður, og A. Kolbrún Árnadóttir, fulltrúi, sáu um umsóknaferlið. Alls sóttu 12 manns um starfið og var gengið frá ráðningu við Kristínu Hebu Gísladóttur sem hóf störf 1. mars 2016.

Verkefnastjóri hefur annast daglegan rekstur, farið með stjórn fjármála og annast reikningsskil í umboði stjórnar. Hann hefur jafnframt unnið að því að hrinda stefnumálum stjórnarinnar í framkvæmd. Ráðning Kristínar Hebu í starf verkefnastjóra hefur skipt sköpum fyrir allt starf AkureyrarAkademiunnar. Hún hefur verið störfum hlaðin allt frá upphafi og ekki sér fyrir endann á þeim önnum. Stjórn AkAk telur einsýnt að auka þurfi starfshlutfall verkefnastjóra sem fyrst svo takast megi að hrinda fleiri verkefnum af stokkunum sem setið hafa á hakanum.

## AFMÆLISFÖGNUMÐUR AKUREYRARAKADEMÍUNNAR

Nú á vordögum voru 10 ár liðin frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Af því tilefni var ákveðið að vera með opið hús til að fagna tímamótunum. Þingmönnum kjördæmisins, bæjarstjóra, bæjarfulltrúum auk allra fyrrum og núverandi fulltrúa innan AkureyrarAkademíunnar var boðið sérstaklega.

Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, fjallaði um sögu félagsins síðastliðin 10 ár. Freyja Steindórsdóttir og Jón Tumi Hrannar Pálmason sungu fyrir gesti. Á fimm ára afmæli Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna var Sigrún Höskuldsdóttir valin heiðursfélagi AkAk. Fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar ákvað í tilefni 10 ára afmælisins að velja Margrétu Guðmundsdóttir, sagnfræðing, sem hefur verið virkur fulltrúi innan AkAk frá stofnun sem heiðursféлага. Að lokum var boðið upp á veitingar sem félagskonur í Kvenfélaginu Baldursbrá höfðu veg og vanda af.

## Næstu verkefni

### AUKIÐ SAMSTARF

Á starfsárinu verður lögð enn meiri áhersla á víðtæka samvinnu, ekki aðeins við aðila í nærsamfélagi stofnunarinnar, heldur einnig um allt land. Fyrstu skrefin í þessa átt hafa verið tekin en verkefnastjóri heimsótti nýverið ReykjavíkurAkademíuna og Þekkinganet Þingeyinga. Stjórnin leggur áherslu á að AkAk sé sjálfstæð og óháð rannsóknastofnun sem eigi gott samstarf og samtal við ólíka aðila.

Þann 4. mars 2014 undirrituðu AkAk og Háskólinn á Akureyri samstarfssamning en megin markmið hans var að efla samstarf milli aðila, nýta sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem samningsaðilar búa yfir. Auk þess efna samstarfsaðilarnir til ráðstefnu í húsakynnum háskólans. Samningur þessi gildir í þrjú ár frá undirritun og mun AkAk leggja áherslu á að endurnýja samstarfssamninginn við Háskólann á Akureyri og auka enn frekar samstarfið á milli stofnanna með sérstakri áherslu á að nýta þá miklu sérþekkingu sem til staðar er innan AkAk.

AkureyrarAkademían og Öldrunarheimili Akureyrarbæjar munu á haustdögum hrinda af stað samstarfsverkefni. Undirbúningur er þegar hafinn en fyrirhugað er að bjóða eldri borgurum og íbúum öldrunarheimila upp á erindi og/eða menntabúðir. AkureyrarAkademían telur mikilvægt að þjóna þeim samferðarmönnum sem eiga erfitt með að sækja fræðslu um vísindi, fræði og menningu. Stofnunin bindur vonir við að þetta samstarf leiði ekki aðeins af sér gjöful samskipti milli fræðasamfélagsins og eldri borgara heldur eigi jafnframt eftir að stuðla að skapandi verkefnum.

AkureyrarAkademían hefur í gegnum tíðina átt gæfuríkt samstarf við hina ýmsu aðila. Slíkt samstarf hefur verið lærdómsríkt og gefandi fyrir alla aðila. Á liðnu ári átti AkAk samstarf við forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Háskólann á Akureyri, Akureyrarstofu, Minjasafnið á Akureyri, Amtsbókasafnið, Kvenfélagið Baldursbrá, KPMG og Mannspil ehf. Stjórn AkureyrarAkademíunnar þakkar öllum þessum aðilum fyrir ánægjulegt samstarf og mun leggja áherslu á að auka ennfrekar samstarf sitt við hina ýmsu aðila til framtíðar.



## SAMSTARF AKAK VIÐ SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMENN

Á starfsárinu verður unnið að því að fjölga fulltrúum í AkureyrarAkademíunni. Mikilvægt er að ná aftur til þess stóra hóps sem hefur starfað innan Akademíunnar á síðastliðnum árum og auka þannig samtal og samstarf meðal fræðimanna á svæðinu. Liður í þessu er að bjóða fulltrúum upp á örnámskeið í hagnýtum þáttum sem tengjast störfum fræðimanna.

Fyrirhugað er að bjóða upp á fjögur hagnýt örnámskeið fyrir fræðimenn. Þau efni sem verða tekin fyrir eru umsóknir um styrki, skattaumhverfi verktaka, leitir.is og fundarsköp. Stefnt er að því að hafa fyrsta örnámskeiðið í sumar og verður byrjað á námskeiði um styrkumsóknir.

Áætlað er að taka upp bókhaldskerfi sem gerir AkAk kleyft að vera umsýsluaðili styrkja fyrir sjálfstætt starfandi fulltrúa innan AkAk. ReykjavíkurAkademían hefur nú þegar tekið í notkun slíkt kerfi og nú er svo komið að hægt er að sjá alfarið um alla fjárhagslega umsýslu styrkja þar. Mikilvægt er að fræðimönnum í AkAk bjóðist slíkt hið sama en AkAk mun innheimta þóknun fyrir umsýsluna.

## VIÐBURÐIR

Í gegnum tíðina hefur AkAk verið virkur þátttakandi í Akureyrarvöku. Í ár mun AkAk standa fyrir viðburði sem nefnist „Samtal um hamingjuna“ þar sem ræddar verða hinar ýmsu hliðar hamingjunnar, út frá heimspekilegu og fræðilegu sjónarhorni.

Fyrir tíu árum síðan þegar Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var stofnað, var farið af stað með fyrirlestra sem opnir voru almenningi. Slíkt var á þeim tíma nýjung í bæjarlífinu á Akureyri. Í fyrirlestrarröð AkAk verður boðið upp á fjóra fyrirlestra á komandi starfsári. Erindin verða haldin í hádeginu og verður leitast við að vera með umfjöllunarefni sem tengjast samfélagi okkar á hverjum tíma.

AkAk mun eins og undanfarin ár bjóða upp á vorþing. Viðfangsefni þingsins hefur ekki verið ákveðið en væntingar standa til þess að með endurnýjun samnings við Háskólann á Akureyri geti þingið orðið samstarfsverkefni stofnananna.

## AKUREYRARAKADEMÍAN OG SAMFÉLAGIÐ

Ein af megin áherslum AkAk frá stofnun hefur verið að brúa bilið á milli fræða og samfélags. AkAk hefur tekið mörg skref í þessa átt í gegnum tíðina meðal annars með því að bjóða upp á fyrirlestra um hin ýmsu málefni almenningi að kostnaðarlausu. Í rannsóknarskýrslu Alþingis var lögð áhersla á að fræðasamfélagið þyrfti að auka samtal sitt við samfélagið. AkAk telur sig gegna veigamiklu hlutverki í þessum efnum og hefur áætlanir um að koma á fót útgáfu tímarits þar sem fjallað er um niðurstöður rannsókna á aðgengilegan hátt. Stjórn AkAk telur ávinning slíks verkefnis vera tvíþættan. Í fyrsta lagi gefst almenningi kostur á að kynna niðurstöðum rannsókna á aðgengilegan hátt og í öðru lagi gefst fræðimönnum tækifæri á að takast á við þá áskorun að nýta þekkingu sína og rannsóknir til þess að miðla til almennings.

Vinna að útgáfu tímaritsins er á frumstigi og mun nefnd sem skipuð er þeim Arndísi Bergsdóttur, Bergljótu Þrastardóttur, Jóhönnu Maríu E. Matthíasdóttur, dr. Sigurgeiri Guðjónssyni og dr. Þóru Pétursdóttur vinna að útgáfu tímaritsins í samstarfi við verkefnastjóra AkAk. Stefnt er að því að fyrsta tölublað ritsins komi út fyrirhluta næsta árs.

## RANNSÓKNAVERKEFNI

Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, hefur safnað saman rannsóknnum sem tengjast Akureyri og nágrenni og nefnist verkefnið RUNA. Vinnunni við öflun gagna er lokið en fyrirhugað er að koma gögnunum á rafrænt og aðgengilegt form. AkAk telur mikilvægt að þessar rannsóknir séu gerðar aðgengilegar fyrir þá fræðimenn sem fjalla um svæðið í rannsóknnum sínum.

Á komandi starfsári var fyrirhugað að vinna að rannsókn um móttöku flóttamanna en stjórn AkAk hefur fallið frá þeirri hugmynd í ljósi nýgerðs samnings milli Háskóla Íslands, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis um gerð heildstæðrar greiningar og mats á gæðum aðlögunar innflytjenda og flóttafólks að íslensku samfélagi.

Fulltrúar AkAk munu áfram vinna að rannsóknnum sínum á starfsárinu eins og verið hefur. AkAk mun leita allra leiða til að styðja fulltrúa sína í þeirra viðfangsefnum. Verkefnastjóri mun á starfsárinu skrá útgáfur og birtingar fulltrúa innan AkAk. Markmiðið er að hafa betri yfirsýn yfir þann fjölda verkefna sem félagar vinna að og skapa vettvang fyrir frekara samstarf við aðra aðila innan samfélagsins. Auk þess gefa slíkar upplýsingar tækisfæri til þess að meta gildi og stöðu AkAk.

## UMHVERFISVERND

Á starfsárinu verður lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks í AkureyrarAkademíunni og búa þannig um hnútana að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp hefur verið flokkað undanfarin ár og verður því haldið áfram og lögð áhersla á að endurvinna eins mikið og kostur er og fylgst með magni sorps sem frá stofnuninni kemur. Lögð verður áhersla á að nota eingöngu umhverfsvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur, auk þess að spara vatn og rafmagn. Fulltrúar verða hvattir til að koma með ábendingar varðandi þá þætti sem stofnunin getur gripið til, til að auka umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfisvernd.

## STEFNUMÓTUNARÞING

Eftir að Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var breytt í sjálfseignarstofnun er þörf á að hugleiða framtíð stofnunarinnar, hvaða hlutverki hún á að gegna í samfélagi fræðimanna sem og í samfélaginu almennt og hvaða sérstöðu hún hefur eða getur markað sér.

Vinna við stefnumótunina verður að mestu leyti í samræmi við Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð sem gefin er út af forsætisráðuneytinu og samþætt kynjasjónamið.

Markmiðið með vinnunni er að leggja fram stefnuskjal með aðgerðaáætlun. Fulltrúar AkAk munu taka virkan þátt í skilgreiningu og framsetningu stefnu auk aðlögunar hennar. Verkefnastjóri og stjórn munu bera ábyrgð á tímasettri áætlun um innleiðingu og framkvæmd stefnumótunarinnar.